

From: Dagur Bragason [dagurbraga@hive.is]
Sent: 25. nóvember 2007 14:54
To: *Nejndasvið* *Samgöngun.*
Cc: Skúli H. Skúlason
Subject: Samgöngunefnd Tillaga til þingsályktunar um heilsársveg yfir Kjöl.

Alþingi
Erindi nr. P 135/441
komudagur 26.11.2007

Fyrirspurn vegna upplýsinga í frumvarpi.

Góðan dagin Samgöngunefnd.

Í þskj. 21 Tillaga til þingsályktunar um heilsársveg yfir Kjöl er að finna þennan texta hér að neðan. Þar er vitnað í skoðanakönnun sem Capacent Gallup gerði fyrir Norðurveg ehf. Niðurstaðan úr þessara skoðanakönnun hefur birst áður í fjölmiðlum, en hvernig þessi skoðanakönnun hefur verið unnin, kemur hvergi fram.

Hefur Samgöngunefnd Alþingis þessar upplýsingar um skoðanakönnunina:

1. Var þetta símakönnun eða annað?
2. Hvernig voru þáttakendur valdir og hvað margir?
3. Hvernig voru spurningarnar orðaðar?
4. Í hvaða samhengi var spurt?
5. Hvert var svarhlutfallið?

Almenningur hefur ekki fengið svör við þessum spurningum og Capacent Gallup gefur þessar upplýsingar ekki upp, því Norðurvegur ehf. keypti þessa skoðanakönnun af þeim.

Með von um að kjörnir fulltrúar eru betur upplýstir en almenningur.

Dagur Bragason
Umhverfisnefnd Ferðaklúbbsins 4x4.

"Félagið Norðurvegur ehf. hefur látið vinna úttektir á samfélags- og byggðaáhrifum sem framkvæmdin kynni að valda. Enn fremur hefur félagið látið vinna fyrstu athugun varðandi rekstrarkostnað, stofnkostnað, umferðarspá og hagkvæmni framkvæmdarinnar. Loks hefur verið gerð skoðanakönnun sem sýnir að 52,6% landsmanna eru mjög hlynnt eða frekar hlynnt lagningu heilsársvegar yfir Kjöl. Enn meiri stuðningur er við framkvæmd sem þessa á Akureyri, 66,1%, og 64,7% í Árborg. Þessi gögn munu nýtast við frekari athuganir og undirbúningsvinnu. Vegagerðin hefur enn fremur skoðað veðurfar á hálendinu með vegarlagningu í huga."